

Lög

um aðild starfsmanna að Evrópufélögum.

I. KAFLI

Markmið og gildissvið.

1. gr.

Markmið laganna.

Markmið þessara laga er að vernda rétt starfsmanna Evrópufélaga til aðildar að málum og ákvörðunum sem varða starfsemi Evrópufélagsins sem þeir vinna hjá og að tryggja að gildandi reglur um aðild starfsmanna hvorki hverfi né minnki að vægi við stofnun Evrópufélagsins.

Ef þáttökuréttur er fyrir hendi í einu eða fleiri félögum sem taka þátt í stofnun Evrópufélags skal hann einnig gilda í Evrópufélaginu nema sérstök samninganefnd fulltrúa starfsmanna og fulltrúar þeirra fyrirtækja sem standa að stofnun Evrópufélagsins geri samkomulag um annað eða ákvæði 16. gr. leiði til annarrar niðurstöðu.

Í því skyni að tryggja framangreind markmið skal koma á fastri tilhögun um aðild starfsmanna í öllum Evrópufélögum í samræmi við málsmeðferð við samningaviðræður, sem um getur í II. kafla laganna, eða við þær aðstæður sem tilgreindar eru í 13. gr. í samræmi við III. kafla.

2. gr.

Gildissvið.

Ákvæði laganna gilda um Evrópufélög og fyrirtæki sem hyggjast taka þátt í stofnun Evrópufélags á grundvelli laga um Evrópufélög og reglugerðar ráðsins (EB) nr. 2157/2001 og hafa staðfestu á Íslandi.

Stjórnendur Evrópufélags og dótturfélaga þess eða stjórnendur þáttökufélaga, þegar við á, og fulltrúar starfsmanna eða starfsmennirnir sjálfir, eftir því sem við á, skulu uppfylla þær skuldbindingar sem mælt er fyrir um í lögnum, óháð því hvort Evrópufélagið er með staðfestu hér á landi.

3. gr.

Orðskýringar.

Í lögum þessum er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- Evrópufélag:** Félag sem er stofnað í samræmi við ákvæði laga um Evrópufélög og reglugerð ráðsins (EB) nr. 2157/2001.
- Þáttökufélag:** Félag sem á beinan þátt í að stofna Evrópufélag.
- Dótturfélag:** Fyrirtæki sem félag hefur ráðandi aðstöðu gagnvart samkvæmt skilgreiningu í 5. gr. laga um evrópsk samstarfsráð í fyrirtækjum, nr. 61/1999.
- Hlutadeigandi dótturfélag eða starfsstöð:** Dótturfélag eða starfsstöð þáttökufélags sem fyrirhugað er að verði dótturfélag eða starfsstöð Evrópufélagsins við myndun þess.

- e. *Fulltrúar starfsmanna*: Trúnaðarmenn stéttarfélaga samkvæmt lögum og aðrir fulltrúar sem starfsmenn þáttökufélags tilnefna samkvæmt lögum þessum eða samkomulagi á vinnustað.
- f. *Fulltrúanefnd*: Nefnd starfsmanna sem er sett á fót samkvæmt samkomulagi, sem um getur í 11. gr., eða í samræmi við ákvæði III. kafla, með það í huga að upplýsa og hafa samráð við starfsmenn Evrópufélags, dótturfélaga og starfsstöðva þess og, þar sem við á, beita þáttökurétti starfsmanna hvað Evrópufélagið varðar.
- g. *Sérstök samninganefnd*: Nefnd sem sett er á fót í samræmi við 5. gr. til að semja við þar til bæra stofnun þáttökufélaganna um fasta tilhögun á aðild starfsmanna í Evrópufélaginu.
- h. *Aðild starfsmanna*: Hvert það fyrirkomulag, þ.m.t. upplýsingamiðlun, samráð og þátttaka, þar sem fulltrúar starfsmanna geta haft áhrif á ákvarðanatöku í félaginu.
- i. *Upplýsingar*: Upplýsingar sem þar til bær stofnun Evrópufélags miðlar til fulltrúanefndar starfsmanna og/eða fulltrúa starfsmanna um málefni er varða félagið sjálft og dótturfélög eða starfsstöðvar þess sem eru í öðru aðildarríki eða eru utan valdsviðs þeirra stofnana sem taka ákvarðanir í hverju aðildarríki. Upplýsingar skal veita á þeim tíma, á þann hátt og með því inntaki sem gerir fulltrúum starfsmanna kleift að gera ítarlegt mat á hugsanlegum áhrifum og, þar sem við á, undirbúa samráð við þar til bæra stofnun Evrópufélagsins nema annað leiði af ákvæðum þessara laga.
- j. *Samráð*: Viðræður og skoðanaskipti fulltrúanefndar starfsmanna og/eða fulltrúa starfsmanna og þar til bærrar stofnunar viðkomandi Evrópufélags, á þeim tíma, á þann hátt og með því inntaki sem gerir fulltrúum starfsmanna kleift, á grundvelli fenginna upplýsinga, að láta í ljós álit sitt á ráðstöfunum sem þar til bæra stofnunin hefur fyrirhugað og sem kann að verða tekið tillit til við ákvarðanatöku í félaginu.
- k. *Þátttaka*: Áhrif fulltrúanefndar starfsmanna og/eða fulltrúa starfsmanna á málefni félagsins annaðhvort með:
 1. rétti til að kjósa eða tilnefna fulltrúa í stjórn félagsins eða eftirlitsstjórn, eða
 2. rétti til að mæla með og gegn tilnefningu einhverra eða allra fulltrúa í eftirlitsstjórn eða stjórn félagsins.

II. KAFLI

Myndun sérstakrar samninganefndar og málsmeðferð við viðræður um mótun reglna um þáttöku starfsmanna.

4. gr.

Upphaf samningaviðræðna og upplýsingagjöf.

Þegar framkvæmdastjórnir eða stjórnir þáttökufélaga gera áætlun um stofnun Evrópufélags skulu þær gera nauðsynlegar ráðstafanir til að hefja samningaviðræður við fulltrúa starfsmanna félaganna um tilhögun á aðild starfsmanna í Evrópufélaginu eins fljótt og unnt er eftir að birt hefur verið áætlun um samruna eða myndun eignarhaldsfélags eða eftir að áætlun um að mynda dótturfélag eða umbreyta skráðu félagi í Evrópufélag hefur verið samþykkt.

Framkvæmdastjórnir eða stjórnir þáttökufélaga skulu láta fulltrúum starfsmanna þeirra fyrirtækja, sem stofnun Evrópufélags snertir, í té upplýsingar um heiti þáttökufélaganna, viðkomandi dótturfélaga eða starfsstöðva, félagsform, fjölda starfsmanna hvers félags og fyrirkomulag á þáttöku starfsmanna svo fljótt sem unnt er eftir að áætlun um stofnun Evrópufélags liggur fyrir og hafa frumkvæði að skipun sérstakrar samninganefndar, sbr. 5. gr.

5. gr.

Myndun sérstakrar samninganefndar.

Áður en viðræður geta hafist samkvæmt þessum kafla skal stofnuð sérstök samninganefnd sem er í forsvari fyrir starfsmenn þáttökufélaga og hlutaðeigandi dótturfélaga eða starfsstöðva, í samræmi við ákvæði þessarar greinar.

Þegar fulltrúar í þessa sérstöku samninganefnd eru kosnir eða tilnefndir skal tryggja að:

- a. fulltrúarnir séu kosnir eða tilnefndir í hlutfalli við fjölda starfsmanna hjá þáttökufélög-

um og hlutaðeigandi dótturfélögum og starfsstöðvum í hverju aðildarríki fyrir sig með því að úthluta hverju aðildarríki einu sæti fyrir hvern hluta starfsmanna í því ríki sem jafngildir hverjum byrjuðum tug af hundraði starfsmanna sem ráðnir eru af þáttökufélögnum og hlutaðeigandi dótturfélögum eða starfsstöðvum í öllum aðildarríkjunum samanlagt,

- b. þegar Evrópufélag er myndað við samruna sé bætt við aðilum frá hverju aðildarríki fyrir sig, eftir þörfum, til að tryggja sé að í sérstöku samninganefndinni sé að minnsta kosti einn fulltrúi fyrir hvert þáttökufélag sem er skráð og hefur starfsmenn í því aðildarríki og sem fyrirhugað er að verði ekki lengur sérstakur lögaðili eftir skráningu Evrópufélagsins að svo miklu leyti sem:
1. þessir viðbótarfulltrúar verða ekki fleiri en sem nemur tuttugu af hundraði þeirra fulltrúa sem eru kjörnir skv. a-lið; og
 2. skipan þeirra hefur ekki í för með sér að starfsmenn viðkomandi þáttökufélags öðlist fleiri fulltrúa en þeir eiga rétt á skv. a-lið.

Ef þáttökufélögin sem b-liður 2. mgr. á við um eru fleiri en tiltæk viðbótarsæti skal viðbótarsætum úthlutað á þáttökufélög í mismunandi aðildarríkjunum í fallandi röð eftir fjölda starfsmanna í þeim.

Ef svo umfangsmiklar breytingar verða á hinu fyrirhugaða Evrópufélagi að þær hafi áhrif á landfræðilega skiptingu fulltrúa í sérstöku samninganefndinni skal nefndin meta hvort nauðsynlegt sé að endurúthluta sætum samkvæmt þessari grein. Ef þörf er á endurúthlutun skal hún fara fram svo skjótt sem unnt er og á þann hátt að sem minnstar tafir verði á framhaldi viðræðna.

6. gr.

Fulltrúar sem kjörnir eru á Íslandi til setu í sérstöku samninganefndinni skulu kosnir af trúnaðarmönnum stéttarféлага. Starfsmenn sem ekki eiga trúnaðarmann skulu velja sér sameiginlegan fulltrúa sem tekur þátt í kjöri fulltrúa í samninganefndina.

Þeir sem rétt eiga til að taka þátt í kjöri fulltrúa skv. 1. mgr. skulu kjósa úr sínum hópi fulltrúa til setu í sérstöku samninganefndinni. Vægi atkvæða hvers trúnaðarmanns eða fulltrúa ræðst af fjölda starfsmannanna að baki honum.

Hafi engir trúnaðarmenn verið skipaðir eiga allir starfsmenn þáttökufélags rétt á að taka þátt í kjöri fulltrúa í samninganefndina.

Ef kjósa á fleiri en einn fulltrúa frá Íslandi í samninganefndina skal tryggja eins og unnt er að starfsmenn sem flestra þáttökuféлага eigi þar fulltrúa.

Í þeim tilvikum sem úthlutað er aukasæti í samninganefndinni, sbr. b-lið 2. mgr. 5. gr., fer um val þeirra fulltrúa samkvæmt þessari grein, eftir því sem við á.

Ef starfsmenn þáttökufélags á Íslandi missa rétt til fulltrúa, svo sem vegna þess að félagið tekur ekki lengur þátt í myndun Evrópufélags, skal því sæti úthlutað að nýju samkvæmt þessari grein.

7. gr.

Hlutverk sérstöku samninganefndarinnar.

Sérstaka samninganefndin og þar til bærar stofnanir þáttökufélaganna skulu ákveða, með skriflegu samkomulagi, tilhögun á aðild starfsmanna í Evrópufélagi.

Í þessu skyni skulu þar til bærar stofnanir þáttökufélaganna greina sérstöku samninganefndinni frá áætluninni um stofnun Evrópufélags og sjálfu stofnunarferlinu fram að skráningu. Nefndinni er heimilt að ákveða að greina fulltrúum utanaðkomandi samtaka sem hagsmuna eiga að gæta, þ.m.t. stéttarféлага, frá byrjun samningaviðræðna.

Sérstaka samninganefndin getur valið sérfræðinga sér til aðstoðar, til dæmis fulltrúa frá viðkomandi samtökum stéttarféлага á Evrópska efnahagssvæðinu. Þessir sérfræðingar geta verið viðstaddir samningafundi til að veita ráðgjöf að beiðni nefndarinnar.

Þáttökufélög skulu bera þann kostnað sem hlýst af samningaviðræðum og rekstri sérstöku samninganefndarinnar, þ.m.t. kostnað vegna a.m.k. eins sérfræðings, þannig að nefndinni sé gert kleift að sinna verkefnum sínum með eðlilegum hætti.

8. gr.

Ákvarðanataka innan sérstöku samninganefndarinnar.

Í öðrum tilvikum en um getur í 2. mgr. tekur sérstaka samninganefndin ákvarðanir með hreinum meiri hluta fulltrúa, að því tilskildu að sá meiri hluti sé einnig fulltrúi hreins meiri hluta starfsmanna. Hver fulltrúi greiðir eitt atkvæði.

Ef niðurstaða samningaviðræðna er sú að þátttökuréttur minnkar þarf samkomulagið í eftirtöldum tilvikum að hljóta atkvæði frá $\frac{2}{3}$ hlutum fulltrúanna sem jafnframt eru fulltrúar að minnsta kosti $\frac{2}{3}$ hluta starfsmanna, þ.m.t. atkvæði fulltrúa starfsmanna sem starfa í að minnsta kosti tveimur aðildarríkjum:

- a. þegar um er að ræða Evrópufélag sem á að stofna við samruna, og a.m.k. fjórðungur starfsmanna þátttökufélaganna á þátttökurétt, eða
- b. þegar um er að ræða Evrópufélag sem á að setja á fót með því að stofna eignarhaldsfélag eða mynda dótturfélag, og a.m.k. helmingur starfsmanna þátttökufélaganna á þátttökurétt.

Það að þátttökuréttur minnkar merkir að áhrif fulltrúa starfsmanna á skipan stjórnarstofnana Evrópufélagsins, í skilningi k-liðar 3. gr., verða minni en hæsta hlutfallið sem var í gildi í þátttökufélögunum.

9. gr.

Lengd samningaviðræðna.

Samningaviðræður skulu hefjast um leið og sérstaka samninganefndin er stofnuð og þeim má halda áfram í sex mánuði frá fyrsta samningafundi. Miða skal upphaf frests til að ljúka samningaviðræðum samkvæmt þessari grein við tvo mánuði frá því að fullnægjandi upplýsingar skv. 2. mgr. 4. gr. bárust fulltrúum starfsmanna hafi fyrsti fundur ekki verið haldinn fyrir þann tíma.

Aðilar geta komið sér saman um að framlengja samningaviðræðurnar fram yfir þann tíma sem um getur í 1. mgr. í allt að eitt ár samanlagt.

10. gr.

Slit viðræðna.

Sérstaka samninganefndin getur ákveðið, með þeim meiri hluta sem tilgreindur er í 3. mgr., að hefja ekki samningaviðræður eða binda enda á samningaviðræður sem þegar eru hafnar og að bera fyrir sig þær reglur um miðlun upplýsinga til starfsmanna og samráð við þá sem í gildi eru í aðildarríkjum þar sem Evrópufélag er með starfsmenn.

Ákvörðun skv. 1. mgr. bindur enda á gerð samkomulags skv. 11. gr. Þegar slík ákvörðun hefur verið tekin gilda ákvæði III. kafla ekki um aðild starfsmanna Evrópufélags, nema að því leyti sem sérstaka samninganefndin tekur ákvarðanir skv. 13. gr., en um upplýsingar og samráð gilda þá lög og venjur í hverju aðildarríki þar sem Evrópufélagið hefur starfsemi.

Ákvörðun um að hefja ekki samningaviðræður eða binda enda á þær þarf að hljóta atkvæði frá $\frac{2}{3}$ hlutum fulltrúa í sérstöku samninganefndinni, sem jafnframt eru fulltrúar a.m.k. $\frac{2}{3}$ hluta starfsmanna, þ.m.t. atkvæði fulltrúa starfsmanna sem starfa í að minnsta kosti tveimur aðildarríkjum.

Kalla má sérstöku samninganefndina saman að nýju með skriflegri beiðni frá að minnsta kosti 10% starfsmanna Evrópufélagsins, dótturfélaga þess og starfsstöðva, eða fulltrúum þeirra, í fyrsta lagi tveimur árum eftir að ákvörðun skv. 1. mgr. hefur verið tilkynnt þar til bærum stofnunum þátttökufélaganna, og gilda þá ákvæði þessa kafla að breyttu breytanda. Heimilt er þó að hefja samningaviðræður fyrr ef aðilar verða um það sáttir.

Ef sérstaka samninganefndin ákveður að hefja samningaviðræður við framkvæmdastjórn á ný, en ekkert samkomulag næst í þeim samningaviðræðum, gilda engin ákvæði III. kafla um aðild starfsmanna Evrópufélagsins.

Þegar Evrópufélag er stofnað við umbreytingu gildir þessi grein ekki ef þátttökuréttur er fyrir hendi í félaginu sem á að breyta.

11. gr.

Efni samkomulags.

Samningaviðræður þar til bærra stofnana þáttökufélaganna og sérstöku samninganefndarinnar skulu fara fram í anda samvinnu með það í huga að ná skriflegu samkomulagi um tilhögun á aðild starfsmanna innan Evrópufélags. Í samkomulaginu skal að lágmarki tilgreina eftirfarandi atriði:

- a. gildissvið samkomulagsins,
- b. skipan, fjölda fulltrúa og úthlutun sæta í fulltrúanefnd sem verður viðræðuaðili þar til bærrar stofnunar Evrópufélagsins í tengslum við tilhögun á miðlun upplýsinga til starfsmanna Evrópufélagsins, dótturfélaga þess og starfsstöðva og samráð við þá,
- c. hlutverk og málsmeðferð um miðlun upplýsinga til fulltrúanefndarinnar og samráð við hana,
- d. hve oft fulltrúanefndin skal koma saman,
- e. hvert fjármagn og aðbúnaður fulltrúanefndarinnar skal vera,
- f. með hvaða hætti fyrirkomulagi skal komið á ef aðilarnir ná samkomulagi um að koma á einni málsmeðferð, eða fleiri en einni, við upplýsingamiðlun og samráð í stað þess að skipa fulltrúanefnd,
- g. ef aðilarnir verða ásáttir í samningaviðræðum um að koma á tilhögun á þáttöku, inntak þeirrar tilhögunar, þ.m.t. fjölda fulltrúa í stjórn eða, ef við á, eftirlitsstjórn Evrópufélagsins, sem starfsmennirnir eiga rétt á að kjósa, tilnefna, mæla með eða á móti, reglur um hvernig starfsmennirnir kjósa, tilnefna, mæla með eða á móti þessum fulltrúum og réttindi þeirra,
- h. dagsetninguna þegar samkomulagið öðlast gildi og gildistíma þess, í hvaða tilvikum það skal endurskoðað og málsmeðferð við endurskoðun þess.

Ákvæði III. kafla gilda ekki ef aðilar ná samkomulagi samkvæmt þessari grein nema þess sé sérstaklega getið í samkomulaginu.

Ef í hlut á Evrópufélag, sem verður til við umbreytingu, skal samkomulagið kveða á um að allir þættir sem varða aðild starfsmanna séu að lágmarki á sama stigi og þeir sem eru fyrir hendi í félaginu sem á að breyta.

12. gr.

Löggjöf sem gildir um málsmeðferð við samningaviðræður.

Löggjöfin sem gildir um málsmeðferð við samningaviðræður skal vera löggjöf þess aðildarríkis þar sem skráð skrifstofa Evrópufélagsins verður staðsett nema annað leiði af ákvæðum þessara laga eða eðli máls.

III. KAFLI

Ákvæði til vara.

13. gr.

Gildissvið.

Ákvæði þessa kafla gilda um Evrópufélög sem skráð eru hér á landi frá skráningardegi ef annaðhvort:

- a. aðilarnir koma sér saman um það, eða
- b. ekkert samkomulag hefur náðst þegar fresturinn, sem mælt er fyrir um í 9. gr., er runninn út og eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:
 1. þar til bær stofnun hvers þáttökufélags hefur tekið ákvörðun um að samþykkja beitingu almennu reglnanna í tengslum við Evrópufélagið og halda þar með áfram skráningu Evrópufélagsins, og
 2. sérstaka samninganefndin hefur ekki tekið ákvörðun sem kveðið er á um í 10. gr.

Enn fremur skulu ákvæði 16. gr. eingöngu gilda í eftirtöldum tilvikum og að uppfylltum tilgreindum skilyrðum:

- a. þegar Evrópufélag er stofnað við umbreytingu, ef reglur um þáttökurétt starfsmanna eru til staðar í því félagi sem á að breyta,
- b. þegar Evrópufélag verður til við samruna,

1. ef þátttaka í einni eða fleiri myndum var fyrir hendi í einu þátttökufélaganna eða fleiri og tók til a.m.k. fjórðungs af heildarfjölda starfsmanna allra þátttökufélaganna, eða
 2. ef þátttaka í einni eða fleiri myndum var fyrir hendi í einu þátttökufélaganna eða fleiri og tók til minna en fjórðungs af heildarfjölda starfsmanna allra þátttökufélaganna og sérstaka samninganefndin ákveður það,
- c. þegar Evrópufélag verður til við stofnun eignarhaldsfélags eða dótturfélags:
1. ef þátttaka í einni eða fleiri myndum var fyrir hendi í einu þátttökufélaganna eða fleiri og tók til a.m.k. helmings af heildarfjölda starfsmanna allra þátttökufélaganna, eða
 2. ef þátttaka í einni eða fleiri myndum var fyrir hendi í einu þátttökufélaganna eða fleiri og tók til minna en helmings af heildarfjölda starfsmanna allra þátttökufélaganna og sérstaka samninganefndin ákveður það.

Við beitingu heimilda skv. 2. mgr. skal sérstaka samninganefndin ákveða, með sama meiri hluta og kveðið er á um í 1. mgr. 8. gr., hvaða form á þátttöku starfsmanna skuli gilda í Evrópufélagi. Nefndin skal greina þar til bærnum stofnunum þátttökufélaganna frá þeim ákvörðunum sem teknar eru samkvæmt þessari málsgrein.

14. gr.

Skipan fulltrúanefndar starfsmanna.

Í þeim tilvikum sem um getur í 1. mgr. 13. gr. skal fulltrúanefnd starfsmanna skipuð í samræmi við eftirfarandi reglur:

- a. Fulltrúanefndin skal skipuð starfsmönnum Evrópufélagsins, dótturfélaga þess og starfsstöðva sem trúnaðarmenn stéttarféлага og sameiginlegur fulltrúi þeirra starfsmanna sem ekki eiga trúnaðarmann eða allir starfsmenn, ef trúnaðarmenn eru ekki til staðar, kjósa úr sínum hópi.
- b. Kosning íslenskra fulltrúa í nefndina skal, eftir því sem við á, fara fram í samræmi við ákvæði 6. gr.
- c. Ef verulegar breytingar verða á Evrópufélagi skal fulltrúaráðið, í samráði við þar til bærar stofnanir Evrópufélagsins, endurskoða skiptingu sæta í fulltrúaráðinu. Þetta á einkum við ef miklar breytingar verða á starfsmannafjölda, eignarhaldi eða starfsemi Evrópufélagsins, svo og ef félagið flytur staðfestu sína milli ríkja.
- d. Ef stærð nefndarinnar gefur tilefni til skal fulltrúanefndin kjósa úr sínum hópi þriggja manna framkvæmdaráð sem annast venjubundin samskipti við þar til bærar stofnanir Evrópufélags, á grundvelli starfsreglna sem fulltrúanefndin setur sér.
- e. Fulltrúar í fulltrúanefndina eru kosnir eða tilnefndir í hlutfalli við fjölda starfsmanna, sem starfa hjá þátttökufélögum og hlutaðeigandi dótturfélögum og starfsstöðvum í hverju aðildarríki, með því að úthluta hverju aðildarríki einu sæti fyrir hvern starfsmann í því ríki sem jafngildir hverjum byrjuðum tug af hundraði starfsmanna sem ráðnir eru af þátttökufélagunum, hlutaðeigandi dótturfélögum eða starfsstöðvum í öllum aðildarríkjunum samanlagt.
- f. Tilkynna skal þar til bærri stofnun Evrópufélags um skipan fulltrúanefndarinnar.
- g. Fulltrúanefndin eða framkvæmdaráðið getur leitað aðstoðar sérfræðinga að eigin vali.
- h. Fulltrúanefndarmenn skulu eiga rétt á leyfi til þjálfunar án þess að missa við það laun að svo miklu leyti sem það er nauðsynlegt vegna starfa þeirra.
- i. Evrópufélag greiðir kostnað fulltrúanefndarinnar og sér fulltrúum í henni fyrir því fjármagni og aðstöðu sem þeim er nauðsynleg til að sinna skyldum sínum. Einkum skal Evrópufélag greiða kostnað vegna skipulagningar funda og aðstöðu vegna túlkaþjónustu og gisti- og ferðakostnað fulltrúanefndarmanna og framkvæmdaráðsmanna, nema um annað hafi verið samið.

Fjórum árum eftir að fulltrúanefndin hefur verið stofnuð skal hún kanna hvort hefja eigi viðræður um gerð samkomulags, sbr. 11. gr., eða beita áfram almennum reglum samkvæmt þessum kafla.

Ákvæði 7.–11. gr. skulu gilda, eftir því sem við á, hafi ákvörðun verið tekin um að hefja

viðræður um samkomulag skv. 2. mgr. Ef frestur til að ljúka samningaviðræðunum rennur út án þess að samkomulag náist skal sú tilhögun sem fyrst tók gildi, í samræmi við ákvæði þessa kafla, gilda áfram í Evrópufélagi.

15. gr.

Almennar reglur um upplýsingamiðlun og samráð.

Hlutverk fulltrúanefndar skal takmarkast við málefni er varða Evrópufélagið sjálft og dótturfélög þess eða starfsstöðvar í öðru aðildarríki eða ná út fyrir ákvörðunarvald stjórnarstofnana Evrópufélagsins í einstöku aðildarríki.

Á fundum fulltrúanefndarinnar og þar til bærrar stofnunar Evrópufélagsins skal einkum fjalla um skipulag, efnahagslega og fjárhagslega stöðu, líklega þróun í rekstri, framleiðslu og sölu, ástand og horfur í atvinnumálum, fjárfestingar og umtalsverðar breytingar er varða skipulag, innleiðingu nýrra vinnuhátta eða framleiðsluáðferða, flutning framleiðslu, samruna, niðurskurð eða lokun fyrirtækja, starfsstöðva eða mikilvægra hluta þeirra og hópuppsagnir.

Ef fyrir hendi eru sérstakar aðstæður sem hafa umtalsverð áhrif á hagsmuni starfsmanna, einkum flutningur starfsemi, lokun starfsstöðva eða fyrirtækja eða hópuppsagnir, skal upplýsa fulltrúanefndina um málið. Fulltrúanefndin, eða framkvæmdaráðið ef brýnt er, á rétt á að hitta að eigin ósk þar til bæra stofnun innan Evrópufélagsins eða stjórnendur á öðru stjórnunarstigi sem á betur við, til að fá upplýsingar og hafa samráð um ráðstafanir sem hafa umtalsverð áhrif á hagsmuni starfsmanna.

Auk funda, sem haldnir eru skv. 3. mgr., hefur fulltrúanefndin rétt á að hitta fulltrúa þar til bærrar stofnunar Evrópufélagsins, að minnsta kosti einu sinni á ári, til upplýsinga og samráðs á grundvelli reglulegra skýrslna sem stofnunin tekur saman um rekstur Evrópufélagsins og rekstrarhorfur. Stjórnendum á viðkomandi stöðum skal jafnframt veita upplýsingar.

Skýlt er að láta fulltrúanefndinni í té dagskrá stjórnarfunda eða, þar sem við á, funda stjórnar og eftirlitsstjórnar Evrópufélagsins, ásamt afritum af öllum skjölum sem lögð eru fram á aðalfundi félagsins.

Ef þar til bær stofnun Evrópufélags ákveður að aðhafast ekki í samræmi við álit það sem fulltrúanefndin hefur látið í ljós hefur nefndin rétt á að hitta aftur fulltrúa Evrópufélagsins með það í huga að leita eftir samkomulagi.

Peir aðilar í fulltrúanefndinni sem eru fulltrúar starfsmanna, sem viðkomandi ráðstafanir hafa bein áhrif á, skulu eiga rétt á að taka þátt í fundum sem ráðgerðir eru milli framkvæmdaráðsins og Evrópufélagsins skv. 3. mgr.

Áður en fundur er haldinn með þar til bærra stofnun Evrópufélags á fulltrúanefndin eða framkvæmdaráðið, sem er stækkað, ef nauðsyn krefur í samræmi við 7. mgr., rétt á að funda án þess að fulltrúar Evrópufélagsins séu viðstaddir.

Með fyrirvara um þagnarskyldu skv. 19. gr. skulu fulltrúanefndarmenn veita fulltrúum starfsmanna Evrópufélagsins, dótturfélaga þess og starfsstöðva vitneskju um efni og niðurstöður upplýsingamiðlunarinnar og samráðsins.

Álit fulltrúanefndarinnar samkvæmt þessari grein bindur ekki hendur þar til bærra stofnana Evrópufélagsins.

16. gr.

Almennar reglur um þátttöku.

Um þátttöku starfsmanna í Evrópufélagi gilda eftirfarandi reglur:

- a. Þegar Evrópufélag verður til við umbreytingu og reglur aðildarríkis sem varða þátttöku starfsmanna í stjórn eða eftirlitsstjórn giltu fyrir skráninguna skulu allar reglur um þátttöku starfsmanna gilda áfram fyrir Evrópufélagið. Að breyttu breytanda skulu ákvæði þessarar greinar gilda í því skyni.
- b. Í öðrum tilvikum en skv. a-lið eiga starfsmenn Evrópufélagsins, dótturfélaga þess og starfsstöðva og/eða fulltrúanefnd starfsmanna rétt á að kjósa, tilnefna og mæla með eða gegn tilnefningu tiltekins fjölda fulltrúa í stjórn eða eftirlitsstjórn Evrópufélagsins til jafns við hæsta hlutfallið sem í gildi er í viðkomandi þátttökufélögum áður en Evrópufélagið er skráð.

Ef ekkert þátttökufélaganna starfar samkvæmt þátttökureglum fyrir skráningu Evrópufélagsins er þess ekki krafist að Evrópufélagið setji reglur um þátttöku starfsmanna.

Fulltrúanefndin ákveður hvernig sætum í stjórn eða eftirlitsstjórn er úthlutað til fulltrúa starfsmanna í samræmi við hlutfall starfsmanna í hverju aðildarríki fyrir sig. Ef hlutfallsviðmiðun leiðir til þess að starfsmenn í einhverjum aðildarríkjum fá engan fulltrúa skal fulltrúanefndin leitað við að jafna skiptingu sæta og skulu starfsmenn í aðildarríki þar sem skrifstofa Evrópufélagsins er skráð njóta forgangs við þá jöfnun hafi þeir ekki þegar fengið úthlutað sæti samkvæmt hlutfallsreglu.

Fulltrúanefndin setur reglur um á hvern hátt fulltrúar starfsmanna geta mælt með eða gegn tilnefningu fulltrúa í stjórnarstofnanir Evrópufélagsins, ef við á.

Ef starfsmenn á Íslandi öðlast rétt til að tilnefna eða kjósa fulltrúa samkvæmt þessari grein skal ákvæði 6. gr. gilda um það val. Um kjör eða tilnefningu annarra fulltrúa gildir löggjöf viðkomandi aðildarríkis en ef þar er ekki mælt fyrir um hvernig tilnefning fer fram skal fulltrúanefndin tilnefna fulltrúa starfsmanna þess aðildarríkis.

Hver fulltrúi í stjórn eða, þar sem það á við, eftirlitsstjórn Evrópufélagsins sem fulltrúanefndin, eða eftir atvikum starfsmenn, hefur kosið, tilnefnt eða mælt með samkvæmt þessari grein skal vera fullgildur stjórnarmaður með sömu réttindi og skyldur og fulltrúar hluthafa, þ.m.t. rétt til að greiða atkvæði.

IV. KAFLI Ýmis ákvæði.

17. gr.

Samskipti Evrópufélags við fulltrúa starfsmanna.

Þar til bær stofnun Evrópufélags og fulltrúanefnd starfsmanna skulu starfa í anda samvinnu með tilhlýðilegu tilliti til gagnkvæmra réttinda og skyldna.

Hið sama gildir um samvinnu stjórnar eða, þar sem við á, eftirlitsstjórnar Evrópufélagsins og fulltrúa starfsmanna sem starfa í tengslum við málsmeðferð um miðlun upplýsinga og samráð við starfsmenn.

18. gr.

Vernd fulltrúa starfsmanna.

Fulltrúar í sérstöku samninganefndinni, fulltrúar í fulltrúanefndinni og fulltrúar starfsmanna í stjórn stofnana Evrópufélagsins skulu hvorki sæta uppsögn né skerðingu á kjörum sínum vegna fulltrúastarfanna. Þeim skal einnig tryggður réttur með samningi við vinnuveitanda til að taka sér frí frá störfum svo að þeir geti á eðlilegan hátt sinnt skyldum sínum við gerð og framkvæmd samninga samkvæmt lögum þessum. Þetta á einkum við um fundasetu í sérstöku samninganefndinni eða fulltrúanefndinni, aðra fundi er falla undir samkomulagið sem um getur í f-lið 1. mgr. 11. gr. og fundi stofnana Evrópufélagsins, meðal annars varðandi greiðslu launa til fulltrúa sem starfa hjá þátttökufélagi, Evrópufélaginu eða dótturfélögum þess eða starfsstöðvum, fyrir þann tíma sem þeir þurfa að vera fjarverandi.

Fulltrúar starfsmanna sem starfa samkvæmt málsmeðferð um upplýsingamiðlun og samráð skulu njóta sams konar réttarverndar og trúnaðarmenn samkvæmt lögum um stéttarfélög og vinnudeilur, nr. 80/1938, eftir því sem við á.

19. gr.

Þagnarskylda.

Fulltrúum í sérstöku samninganefndinni eða fulltrúanefndinni og sérfræðingum, sem eru þeim til aðstoðar, er óheimilt að láta af hendi upplýsingar sem þeim hafa verið veittar í trúnaði.

Hið sama gildir um fulltrúa starfsmanna í tengslum við upplýsingamiðlun og samráð.

Þessi kvöð fylgir einstaklingum hvar sem þeir kunna að vera og einnig eftir að umboð þeirra skv. 1. og 2. mgr. er á enda.

20. gr.

Upplýsingar sem ekki er skylt að veita.

Eftirlitsstjórn eða stjórn Evrópufélags eða þáttökufélags sem stofnað er á Íslandi er ekki skuldbundin til að veita upplýsingar samkvæmt ákvæðum þessara laga ef þær eru samkvæmt hlutlægu mati þess eðlis að þær geti haft mjög skaðleg áhrif á starfsemi félagsins eða dótturfélaga þess og starfsstöðva eða valdið þeim tjóni.

21. gr.

Misnotkun reglna.

Ef verulegar breytingar verða á Evrópufélagi, dótturfélögum þess eða starfsstöðvum skömmu eftir stofnun þess, sem gefa skýra vísbendingu um að tilgangur með stofnun Evrópufélagsins hafi verið sá að svipta starfsmenn þáttökurétti eða hindra að þeir öðluðust slíkan rétt, er skylt að hefja nýjar samningaviðræður skv. II. kafla.

Með verulegum breytingum er átt við að breyting verði á samsetningu Evrópufélags, dótturfélaga þess eða starfsstöðva, fjölda starfsmanna eða staðfestu félagsins, sem hefði leitt til þess, ef hún hefði átt sér stað áður en Evrópufélagið var stofnað, að þáttökuréttur starfsmanna hefði aukist. Verði slík breyting innan árs frá skráningu Evrópufélags ber félagið sönnunarbyrði fyrir því að breytingarnar séu til komnar af öðrum ástæðum en greinir í 1. mgr.

Um viðræður samkvæmt þessari grein gilda eftirfarandi reglur:

- a. Þær skulu hefjast að kröfu fulltrúanefndar starfsmanna eða fulltrúa starfsmanna í nýjum dótturfélögum eða útibúum Evrópufélagsins.
- b. Ákvæði II. kafla eiga við um viðræðurnar og undirbúning þeirra, að breyttu breytanda.

22. gr.

Viðurlög.

Þeir sem þrátt fyrir þagnarskylduákvæði 19. gr. láta af hendi trúnaðarupplýsingar sem þeim hafa verið veittar skulu dæmdir til fésektar nema þyngri refsing liggja við samkvæmt öðrum lögum.

Brot sem framin eru í starfsemi lögaðila gegn 4., 15., 18. og 21. gr. laga þessara varða lögaðila sektum, sbr. II. kafla A almennra hegningarlaga, ef brotið er framið af ásetningi og það er til þess fallið að svipta starfsmenn Evrópufélags rétti sem varinn er samkvæmt þessum lögum.

Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

23. gr.

Ágreiningur.

Unnt er að skjóta til dómstóla ágreiningi sem varðar framkvæmd þessara laga, þ.m.t. ágreiningi um rétt fulltrúa starfsmanna til að fá í hendur upplýsingar og rétt þáttökufélaga eða Evrópufélags til að binda upplýsingar trúnaði. Rétt til málshöfðunar hafa allir sem taldir eru upp í 18. gr., hlutaðeigandi stéttarfélög og aðrir sem hagsmuna eiga að gæta.

24. gr.

Reglugerð.

Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga.

25. gr.

Tengsl við ákvæði annarra laga.

Þegar Evrópufélag er fyrirtæki sem starfar á Evrópska efnahagssvæðinu, eða er ráðandi fyrirtæki fyrirtækjahóps er þar starfar, í skilningi 5. gr. laga um evrópsk samstarfsráð í fyrirtækjum, nr. 61/1999, skulu ákvæði þeirra laga ekki gilda um Evrópufélagið eða dótturfélög þess nema sérstaka samninganefndin ákveði, í samræmi við 1. mgr. 10. gr. þessara laga, að hefja ekki samningaviðræður eða binda enda á samningaviðræður sem þegar eru hafnar.

Reglur um þáttöku starfsmanna sem kveðið er á um í lögum og/eða leiðir af venju, og ekki varða framkvæmd þessara laga, gilda ekki um Evrópufélög.

Lög þessi skulu ekki hafa áhrif á:

- a. rétt starfsmanna til aðildar, sem kveðið er á um í lögum og/eða leiðir af venju í aðildarríkjunum og starfsmenn Evrópufélagsins og dótturfélaga þess og starfsstöðva njóta, nema rétt til þátttöku í stjórnarstofnunum Evrópufélagsins, og
- b. reglur um þátttöku sem mælt er fyrir um í lögum og/eða leiðir af venju og gilda um dótturfélög Evrópufélagsins.

26. gr.

Innleiðing.

Lög þessi eru sett til innleiðingar á tilskipun 2001/86/EB frá 8. október 2001, um viðbætur við stofnsamþykktir fyrir Evrópufélög að því er varðar aðild starfsmanna, sem vísað er til í lið 32e XVIII. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar, nr. 89/2002.

27. gr.

Gildistaka.

Lög þessi öðlast gildi 8. október 2004.

Samþykkt á Alþingi 16. apríl 2004.